

EFTIRLITSSKÝRSLA

Íslenska gámafélagið Kalkslétta 1



Dags eftirlits	14.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Íslenska gámafélagið	Eftirlitsmaður	
Heimili	Koparslétta 22	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4705962289	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elín Ásgeirsdóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávík kom fram við eftirlit og varðar skil á grænu bókhaldi. Var því hins vegar skilað þann 8. maí sl. og því frávikinu lokið.

Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins ehf. í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Gildistími starfsleyfis er til 6. september 2037.

Umfang eftirlits var eftirfarandi:

- Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áætlanir og viðbrögð
- Niðurstöður mælinga
- Kynningar á fylgiskjölum fundarboðs
- Almenn vettvangsskoðun hjá rekstraraðila

Rekstraraðili hefur heimild til að taka á móti, að hámarki 1000 tonnum af spilliefnum á ári ýmist til undirbúnings fyrir förgun eða endurnýtingu. Magn úrgangs á athafnasvæði rekstraraðila ber að halda í lágmarki og miðast við hámark 300 tonn hverju sinni. Árið 2022 var tekið á móti 603,569 tonnum af spilliefnum í spilliefnamóttöku Íslenska gámafélagsins ehf. Var ársyfirliti skilað inn til Umhverfisstofnunar þann 26. apríl síðastliðinn.

Engin opin frávík bíða úrbóta hjá rekstraraðila.

Farið var yfir starfsleyfið með rekstraraðila. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á starfsemi rekstraraðila. Íslenska gámafélagið vinnur samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og 14001.

Niðurstöður vöktunarmælinga á frárennsli eru innan losunar- og umhverfismarkna sem frárennslisvatn þarf að uppfylla fyrir losun í fráveitukerfi miðað við gr. 4.3 í starfsleyfi.

Eftir eftirlit, sendi rekstraraðili eftirlitsaðila afrit af neyðaráætlun vegna rekstrarstöðvunar spilliefnamóttökunnar og einnig gilt afrit af váttryggingaskírteni með ábyrgðartryggingu vegna bráðamengunar. Einnig sendi hann afrit af áætlun um viðbrögð við mengunaróhappi sem og afrit af leiðbeiningum um notkun á spilliefnabúnaði sem er til staðar á starfstöð, á íslensku, ensku og pólsku.

Fékk rekstraraðili kynningu á fylgiskjölum fundarboðs, er varða breytingar á fyrirkomulagi eftirlita hjá Umhverfisstofnun ásamt breytingu á gjaldskrá stofnunarinnar. Einnig var kynnt áhersluverkefnið hjá Umhverfisstofnun, um mengaðan jarðveg.

Engin tilefni eru til athugasemda vegna starfssvæðis rekstraraðila.

4.5 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni sbr. 34 gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og skal skilað fyrir 1. maí hvers árs þeim upplýsingum fyrir undangengið almanaksár.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir

